

Skýrsla formanns, Íslenski Söfnuðurinn í Noregi starfsárið 2017-2018

Ný aðalstjórn tók að sér að fara með málefni safnaðarins í umboði aðalfundar fyrir rétt um ári síðan. Sá tími sem í hönd fór var aðlögunartími einstaklinga sem hvorki þekktust né höfðu starfað saman áður. Það var nokkuð augljóst fyrir síðasta aðalfund að starfsárið myndi verða þungt í vinnslu, og ákvarðanir nýrrar stjórnar miður vinsælar þar sem þyrfti að taka á.

Snemma á tímabilinu var fyrirséð að spá fyrri stjórnar um aðhald í fjármálum varð að taka verulega alvarlega. Við hófumst handa við að helminga greiðslur vegna stjórnarsetu, nýir samningar við kóra og Íslendingafélagið voru hannaðir. Það var ákveðinn skilningur hjá öllum aðilum, en þó voru samningsslit við aðila sem áður höfðu séð um kirkjukaffi, það er að segja Íslendingafélagið í Ósló. Áhyggjurnar af fjármálum safnaðarins jukust þegar ljóst var að skráning nýrra meðlima í söfnuðinn gekk afar hægt. Fregnir af gengi sænsku og finnsku kirkjunnar í Noregi um not á “call-center” varð til þess að stjórnin áleit það forsvaranlegt að fara sömu leið. Það hefur kostað um 350.000 krónur, en þessi útgjöld myndu skila sér nokkuð fljótlega ef næðist svipaður árangur í okkar söfnuði. Við þessar aðgerðir fjölgaði meðlimum úr um 1100 í rétt tæplega 3000, en betur má ef duga skal.

Sú vinna, sem lögfræðingur okkar hefur unnið í samstarfi með sænsku og finnsku kirkjunni til að hnekkja úrskurði norska ríkisins varðandi sóknargjöld, hefur verið gríðarlega mikilvægur þáttur í því að halda uppi jákvæðu hugarfari stjórnarmanna og presta. Svör frá umboðsmanni klögunefndar láta þó bíða eftir sér enn og aftur. Söfnuðurinn fær vonandi einhver svör fyrir sumarið. Persónuverndarlög Evrópusambandsins ná til safnaðarins, og í skrifuðum orðum er verið að vinna að því að mæta þeim lögum samkvæmt.

Starfsmannamál og störf stjórnar safnaðarins hafa verið ofarlega á baugi á fundum og utan. Í septembermánuði kom upp sú staða að sóknarprestur kallaði eftir aðstoð frá Biskupsstofu til að leysa ágreiningsmál sem upp höfðu komið meðal starfsmanna safnaðarins. Það er skemmst frá því að segja að sáttgjörð hefur gengið afar treglega og er því miður ekki lokið. Alma Jónsdóttir sem starfað hefur við ræstingar sagði upp starfi sínu síðastliðið haust, og nýlega sagði sr. Lilja Kr. Þorsteinsdóttir, sem hefur verið lausráðin frá áramótum, starfi sínu lausu. Hlutfall veikinda starfsmanna hefur verið gríðarlega hátt og af þeim sökum hefur Ólafíustofa oft verið lokuð.

Sóknarprestur safnaðarins sótti um styrk í jöfnunarsjóð sókna íslensku þjóðkirkjunnar síðastliðið haust, og var söfnuðinum úthlutað 1 milljón íslenskra króna, eyrnamerkt

börnum og unglíngastarfi, með megináherslu á fermíngarfræðslu. Fermíngarbörn af öllu landinu fá því í ár tækifæri til þess að fara í ferðalag, kynnst betur og njóta samveru með fræðslufulltrúa og ungliðum úr æskulýðsstarfinu.

Stjórnin hefur haldið 8 stjórnarfundum, ýmist með eða án varamanna. Stefán Snævarr sagði sig úr stjórninni eftir sinn fyrsta stjórnarfund, og á haustmánuðum hætti einnig Ólafur Ragnar Pálsson í varastjórn. Jóhann Karl og Guðrún Elín hafa bæði sent afsögn úr stjórninni vegna flutnings til Íslands og anna. Þakkir til þeirra fyrir framlag sitt.

Komandi starfsár safnaðarstjórnar mun einkennast af áframhaldandi aðhaldsaðgerðum, skipulagsbreytingum og samstarfi við presta til þess að efla söfnuðinn. Með góðri samstöðu allra sem að söfnuðinum koma, munum við komast í gegnum þessa erfiðu tíma. Ég vil þakka þeim sem hafa fylgt þessari safnaðarstjórn og létt undir þrautirnar og haldið í trúna um að við höfum valið réttar leiðir söfnuðinum til farsældar þegar til lengri tíma er lítið.

Stjórn Íslenska Safnaðarins í Noregi:

Björn Hallbeck, formaður búsettur í Sandefjord

Guðbjörg Edda Árnadóttir, gjaldkeri búsett í Bergen

Jónína Margrét Arnórsdóttir, varaformaður búsett í Ósló

Guðrún Elín Svansdóttir, ritari búsett í Ósló.

Ólafur Ragnar Pálsson, varamaður búsettur í Bærum

Jóhann Karl Hirst, varamaður búsettur í Ósló

Snorri Ásgeirsson, varamaður búsettur í Ósló

Katla Sveinbjörnsdóttir, varamaður búsett í Kristiansand

Kristján Daðason, varamaður búsettur í Nannestad

Prestar

Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir

Sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir

Starfskona

Inga Erlingsdóttir

Með kveðju

Björn Hallbeck

Formaður Íslenska safnaðarins í Noregi.